ORKUSTOFNUN

# Orkunotkun í Grímsey

**Árni Ragnarsson**

**Greinargerð ÁR-2001-02**

ORKUSTOFNUN
Greinargerðasafn

ORKUSTOFNUN

Greinargerð
ÁR – 2001/02

25.06.2001

# Orkunotkun í Grímsey

Í Grímsey byggist öll orkunotkun á olíu. Dísilrafstöð sem Rarik rekur sér fyrir allri raforkuþörf í eynni og við húshitun er eingöngu notuð olía að öðru leyti en því að tvö íbúðarhús og eitt sumarhús eru hituð með kælivatni frá dísilrafstöðinni. Kælivatnið er auk þess notað til að hita upp sundlaugarvatn að hluta.

## 1. Olíunotkun

Til að fá yfirlit yfir olíunotkun í Grímsey var haft samband við Þorlák Sigurðsson, oddvita. Eftir hans ábendingu var síðan aflað upplýsinga um mánaðarlega olíusölu og olíuverð í Grímsey síðastliðin tvö ár frá Brynjólfi Árnasyni, en hann sér um olíudreifingu í eynni. Alls eru 32 íbúðarhús hituð með olíu í Grímsey. Upplýsinga um stærðir þessara húsa og annars húsnæðis var aflað frá Fasteignamati ríkisins. Samandregnar niðurstöður varðandi hitun íbúðarhúsa eru í eftirfarandi töflu.

| **Olíuhitun íbúðarhúsnæðis í Grímsey** | **1999** | **2000** |
|---|---|---|
| Olíunotkun alls til húshitunar (l) | 181.512 | 176.514 |
| Þar af: Til hitunar íbúðarhúsnæðis 68% (l) | 123.973 | 120.552 |
| Til hitunar atvinnuhúsnæðis 32% (l) | 57.539 | 55.962 |
| | | |
| Meðalverð á gasolíu með 14% VSK (kr/l) | 22,51 | 34,45 |
| Heildarkostnaður við olíukaup v. íbúðarhúsnæðis (kr) | 2.791.166 | 4.152.528 |
| | | |
| Fjöldi íbúðarhúsa kynt með olíu | 32 | 32 |
| Maðalolíunotkun til hitunar íbúðarhúsa (l/hús á ári) | 3.874 | 3.767 |
| Meðalkostnaður við olíuhitun íbúðarhúsa (kr/hús á ári) | 87.224 | 129.767 |
| Rúmmál íbúðarhúsa kynt með olíu ($m^3$) | 13.757 | 13.757 |
| Meðalstærð húsa sem kynt eru með olíu ($m^3$) | 430 | 430 |
| Meðalolíunotkun á hvern rúmmeter íbúðarhúsnæðis ($l/m^3$ á ári ) | 9,0 | 8,8 |
| Meðalorkunotkun til hitunar (9,92 kWh/l, 70% nýtni) ($kWh/m^3$ á ári ) | 62,6 | 60,8 |

Verð á gasolíu til húshitunar hefur hækkað umtalsvert undanfarin ár eins og sjá má á myndinni á bls. 3. Ef gengið er út frá meðalolíunotkun í Grímsey sl. tvö ár, sem er 318 l á hvert hús á mánuði, fæst að mánaðarlegur olíureikningur meðalhúss sem var 6.209 kr. í janúar 1999 hafði hækkað í 13.704 kr. í janúar 2001, eða um 121% á tveimur árum. Síðan hefur olíuverð fyrst lækkað lítillega en er nú orðið enn hærra en í byrjun árs.

**Olíunotkun í Grímsey 1999 og 2000**

| | Afgreitt vegna hitunar atvinnuhúsn. | Afgreitt vegna hitunar íbúðarhúsn. | Afgreitt á rafstöð | Afgreitt til báta | Afgreitt alls | Verð til hitunar með VSK | Olíukostnaður vegna hitunar atvinnuhúsn. | Olíukostnaður vegna hitunar íbúðarhúsa | Verð til báta með VSK | Olíukostnaður vegna báta |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | l | l | l | l | l | kr/l | kr. | kr. | kr/l | kr. |
| **1999** | | | | | | | | | | |
| Janúar | 5.205 | 11.216 | 24.728 | 6.026 | 47.175 | 19,50 | 101.498 | 218.712 | 21,3 | 128.354 |
| Febrúar | 6.597 | 14.214 | 5.296 | 4.708 | 30.815 | 19,50 | 128.642 | 277.173 | 21,3 | 100.280 |
| Mars | 4.390 | 9.460 | 20.400 | 21.263 | 55.513 | 19,66 | 86.307 | 185.984 | 21,3 | 452.902 |
| Apríl | 4.345 | 9.361 | 25.103 | 2.220 | 41.029 | 19,87 | 86.335 | 186.003 | 21,7 | 48.174 |
| Maí | 2.987 | 6.436 | 10.127 | 24.770 | 44.320 | 21,24 | 63.444 | 136.701 | 23,2 | 574.664 |
| Júní | 4.994 | 10.760 | 19.904 | 8.501 | 44.159 | 21,24 | 106.073 | 228.542 | 23,2 | 197.223 |
| Júlí | 2.963 | 6.383 | 12.530 | 15.923 | 37.799 | 21,70 | 64.297 | 138.511 | 23,7 | 377.375 |
| Ágúst | 3.942 | 8.492 | 22.475 | 42.584 | 77.493 | 22,62 | 89.168 | 192.089 | 24,7 | 1.051.825 |
| September | 3.192 | 6.877 | 0 | 0 | 10.069 | 24,08 | 76.863 | 165.598 | 26,3 | 0 |
| Október | 6.100 | 13.144 | 10.070 | 7.006 | 36.320 | 25,36 | 154.696 | 333.332 | 27,7 | 194.066 |
| Nóvember | 4.997 | 10.767 | 20.512 | 32.588 | 68.864 | 25,36 | 126.724 | 273.051 | 27,7 | 902.688 |
| Desember | 7.827 | 16.863 | 33.063 | 9.417 | 67.170 | 27,01 | 211.407 | 455.470 | 29,5 | 277.802 |
| Alls 1999 | **57.539** | **123.973** | **204.208** | **175.006** | **560.726** | **22,51** | **1.295.454** | **2.791.166** | **24,60** | **4.305.353** |
| **2000** | | | | | | | | | | |
| Janúar | 6.776 | 10.517 | 23.084 | 9.990 | 50.367 | 30,22 | 204.771 | 317.824 | 33,0 | 329.670 |
| Febrúar | 3.058 | 13.333 | 18.463 | 9.960 | 44.814 | 30,22 | 92.413 | 402.923 | 33,0 | 328.680 |
| Mars | 6.610 | 13.452 | 21.538 | 9.991 | 51.591 | 31,22 | 206.364 | 419.971 | 34,1 | 340.693 |
| Apríl | 4.682 | 9.060 | 13.469 | 29.757 | 56.968 | 31,22 | 146.172 | 282.853 | 34,1 | 1.014.714 |
| Maí | 2.224 | 11.378 | 13.194 | 29.943 | 56.739 | 31,22 | 69.433 | 355.221 | 34,1 | 1.021.056 |
| Júní | 5.414 | 11.933 | 17.922 | 28.980 | 64.249 | 31,22 | 169.025 | 372.548 | 34,1 | 988.218 |
| Júlí | 3.433 | 7.797 | 21.403 | 27.980 | 60.613 | 33,15 | 113.804 | 258.471 | 36,2 | 1.012.876 |
| Ágúst | 1.632 | 7.724 | 16.337 | 28.500 | 54.193 | 33,88 | 55.292 | 261.689 | 37,0 | 1.054.500 |
| September | 8.781 | 3.104 | 16.654 | 25.545 | 54.084 | 36,17 | 317.609 | 112.272 | 39,5 | 1.009.028 |
| Október | 0 | 13.236 | 16.667 | 18.001 | 47.904 | 41,57 | 0 | 550.221 | 45,4 | 817.245 |
| Nóvember | 6.888 | 9.354 | 16.030 | 14.000 | 46.272 | 43,04 | 296.460 | 402.596 | 47,0 | 658.000 |
| Desember | 6.464 | 9.664 | 21.967 | 3.100 | 41.195 | 43,04 | 278.211 | 415.939 | 47,0 | 145.700 |
| Alls 2000 | **55.962** | **120.552** | **216.728** | **235.747** | **628.989** | **34,45** | **1.949.553** | **4.152.528** | **36,99** | **8.720.380** |




Samkvæmt töflunni á bls. 2 var heildarolíunotkun í Grímsey á síðasta ári um 629.000 l og skiptist eins og myndir hér að neðan sýnir. Árið 2000 var meðalolíuverð til húshitunar 34,45 kr/l og það ár nam heildarkostnaður vegna hitunar íbúðarhúsa um 4,2 Mkr. og vegna atvinnuhúsnæðis 1,9 Mkr. (með VSK). Sama ár var meðalolíuverð til báta 36,99 kr/l og heildarkostnaður vegna olíukaupa þeirra 8,7 Mkr. Samkvæmt upplýsingum frá Rarik námu heildarkaup þeirra á olíu til raforkuvinnslu í Grímsey um 6,6 Mkr. Þannig nam heildarkostnaður við olíukaup í Grímsey um 21,4 Mkr. á síðasta ári.



## 2. Raforkunotkun

Eins og áður sagði er raforka framleidd í Grímsey í dísilrafstöð sem Rarik rekur. Afl stöðvarinnar er 415 kW. Heildarvinnsla raforku í eynni, sem á síðasta ári var 666 MWh, hefur þróast eins og eftirfarandi mynd sýnir.




Samkvæmt söluskrám Rarik skiptist raforkunotkunin á síðasta ári þannig á notkunarflokka:




Fjöldi notenda sem kaupa rafmagn til almennra heimilsnota er 31, en í hinum flokkunum er fjöldi notenda aðeins 1 til 3 í hverjum flokki. Út frá gjaldskrá Rarik má lauslega áætla að heildarkostnaður við raforkukaup til almennra heimilisnota hafi verið um 1,7 Mkr á síðasta ári og til annarra nota, þ.e. atvinnustarfsemi, hafi raforkukaupin verið um 3 Mkr, eða alls um 4,7 Mkr. Virðisaukaskattur er innifalinn í þessum tölum. Þetta er um 2 Mkr. lægri upphæð en kostnaður Rarik við olíukaup til framleiðslu raforkunnar.

Árni Ragnarsson

**Viðauki. Stærð húsnæðis í Grímsey.**

| Nr. | Íbúðarhúsnæði, olíuhitað | Flatarmál $m^2$ | Rúmmál $m^3$ |
|---|---|---|---|
| 1 | Efri-Sandvík, Bakki / íbúð | 63,9 | 186 |
| 2 | Efri-Sandvík, Bakki / íbúð | 62,7 | 182 |
| 3 | Garður / íbúð | 165,9 | 477 |
| 4 | Hafnargata 1 | 113,4 | 369 |
| 5 | Hafnargata 3 | 131,8 | 455 |
| 6 | Hafnargata 5 | 124,9 | 415 |
| 7 | Hafnargata 7 | 92,0 | 318 |
| 8 | Hafnargata 13 | 110,0 | 378 |
| 9 | Hafnargata 15 | 110,0 | 378 |
| 10 | Hafnargata 17 | 171,9 | 602 |
| 11 | Hafnargata 21 | 130,2 | 428 |
| 12 | Nýja-Sjáland / íbúð | 134,5 | 430 |
| 13 | Sandgerði / íbúð | 62,1 | 149 |
| 14 | Sjáland / íbúð | 90,3 | 226 |
| 15 | Sólbrekka / íbúð | 175,3 | 572 |
| 16 | Sveintún / íbúð | 116,3 | 342 |
| 17 | Vallargata 2 | 113,4 | 369 |
| 18 | Vallargata 3 | 136,6 | 433 |
| 19 | Vallargata 5 | 114,8 | 385 |
| 20 | Vallargata 9 | 111,3 | 410 |
| 21 | Vallargata 11 | 343,3 | 1.019 |
| 22 | Básar / íbúð | 230,4 | 663 |
| 23 | Borgir / íbúð | 150,5 | 549 |
| 24 | Efri-Sandvík / íbúð | 125,5 | 381 |
| 25 | Eiðar / íbúð | 126,0 | 383 |
| 26 | Hella / íbúð | 152,1 | 524 |
| 27 | Miðgarðar / íbúð | 132,8 | 385 |
| 28 | Neðri-Sandvík/ / Höfði / íbúð | 327,0 | 973 |
| 29 | Sigtún Syðri-Grenivík / íbúð | 140,8 | 383 |
| 30 | Sveinagarðar / íbúð | 126,8 | 405 |
| 31 | Sveinsstaðir / íbúð | 110,7 | 291 |
| 32 | Ytri-Grenivík / íbúð | 97,3 | 297 |
| | Íbúðarhúsnæði alls, olíuhitað | 4.394,5 | 13.757,0 |

| Nr. | Íbúðarhúsnæði, hitað með kælivatni frá dísilstöð | Flatarmál $m^2$ | Rúmmál $m^3$ |
|---|---|---|---|
| 1 | Miðtún / íbúð | 182,6 | 487 |
| 2 | Neðri-Sandvík / íbúð | 187,6 | 600 |
| 3 | Miðtún / Lundur / sumarbústaður | 55,3 | 187 |
| | Íbúðarhúsnæði alls, hitað með kælivatni | 425,5 | 1.274,0 |

| Nr. | Atvinnuhúsnæði | Flatarmál $m^2$ | Rúmmál $m^3$ |
|---|---|---|---|
| 35 | Almenningur / tækjahús | 6,0 | 17 |
| 36 | Efri-Sandvík, Bakki / fiskverkun | 146,0 | 425 |
| 37 | Garður / útihús | 169,5 | 487 |
| 38 | Hafnarsæði / kælig./ verkst. | 209,4 | 1.178 |
| 39 | Hafnarsvæði / fiskverkunarhús | 391,2 | 1.749 |
| 40 | Hafnarsvæði / raft. og dæluhús | 12,5 | 31 |
| 41 | Hafnarsvæði / olíudæluskúr | 7,0 | 17 |
| 42 | Helgastaðaland / geymsla, dæluh. slysav.hús | 74,9 | 228 |
| 43 | Miðgarðakirkja | 54,7 | 212 |
| 44 | Miðtún / sumarhús | 12,9 | 34 |
| 45 | Miðtún / sumarhús | 34,0 | 81 |
| 46 | Múli / félagsh. og skóli | 406,8 | 1.593 |
| 47 | Neðri-Sandvík / olíugeymir | 31,8 | 194 |
| 48 | Neðri-Sandvík / sundlaug | 323,2 | 992 |
| 49 | Neðri-Sandvík / vélaverkstæði | 208,0 | 998 |
| 50 | Sólberg / handverkshús, Gallerí Sól | 105,2 | 275 |
| 51 | Sveintún / bogaskemma | 86,8 | 255 |
| 52 | Fiskvinnsla KEA, verslunarhús, olíusöluskúr | 180,9 | 607 |
| 53 | Þrúðvangur / iðnaðarhús, vörugeymsla | 150,0 | 611 |
| 54 | Öldutún 1 / veiðarfærageymsla | 140,4 | 541 |
| 55 | Öldutún 2 / véla-/verkfærageymsla | 84,9 | 244 |
| 56 | Öldutún 3 / fiskverkunarhús | 221,4 | 920 |
| 57 | Öldutún 4 / fiskverkunarhús | 1.181,5 | 5.314 |
| 58 | Básar / geymsla, hlaða | 96,6 | 278 |
| 59 | Básar / flugstöð, bílskúr | 164,7 | 474 |
| 60 | Borgir / geymsla | 16,6 | 61 |
| 61 | Efri-Sandvík / geymsla | 110,5 | 335 |
| 62 | Eiðar / fjárhús, hlaða, alifuglahús | 1.000,0 | 3.495 |
| 63 | Fjarskiptastöð | 8,7 | 33 |
| 64 | Grímseyjarviti | 14,3 | 77 |
| 65 | Miðgarðar / geymsla, votheysgryfja | 76,7 | 173 |
| 66 | Neðri-Sandvík / dæluhús | 7,0 | 15 |
| 67 | Neðri-Sandvík / fjárhús, geymsla | 133,3 | 397 |
| 68 | Neðri-Sandvík / rafstöðvarhús | 97,2 | 437 |
| 69 | Sigtún Syðri-Grenivík / geymsla | 78,5 | 213 |
| 70 | Sveinagarðar / geymsla | 122,5 | 391 |
| 71 | Sveinsstaðir / fjárhús, geymsla, votheysgryfja | 71,6 | 188 |
| 72 | Sveinsstaðir / geymsla, votheysgryfja | 72,6 | 191 |
| 73 | Ytri-Grenivík / hesthús, geymsla, hlaða | 154,4 | 470 |
| | Atvinnuhúsnæði alls | 6.464,2 | 24.231,0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúðar- og atvinnuhúsnæði alls | 11.284,2 | 39.262,0 |